

**MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM
SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993
VEGNA LAGNINGAR TENGIVEGA AÐ
FYRIRHUGUÐUM HVALFJARÐAGÖNGUM UM
UTANVERÐAN HVALFJÖRÐ**

ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

1. INNGANGUR

Með vísan til laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum var eftirtalin framkvæmd tilkynnt til frumathugunar hjá Skipulagi ríkisins.

Framkvæmd: Lagning vegar um utanverðan Hvalfjörð. Tenging frá núverandi Vesturlandsvegi sunnan fjarðar við Dalsmynni, að jarðgöngum undir Hvalfjörð við Saurbæ, ásamt lagningu vegar frá jarðgöngum við Innri-Hólm vestur með Akrafjalli að núverandi Akranesvegi við Miðvogslæk og vegar frá hringtorgi til austurs með Akrafjalli að Vesturlandsvegi við Laxá í Leirársveit.

Framkvæmdaraðili: Vegagerðin.

Frumathugun: Framkvæmdin var tilkynnt til embættis skipulagsstjóra ríkisins þann 30. júní 1994 og auglýst opinberlega þann 5. júlí 1994. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 5. júlí til 9. ágúst 1994 hjá Skipulagi ríkisins, á skrifstofu Kjalarneshrepps, í Félagsheimilinu Miðgarði Innri-Akraneshreppi og hjá oddvita Skilmannahrepps, Hvítanesi. Fjórar athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar sex opinberra umsagnaraðila, Byggðastofnunar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, sveitarstjórnar Skilmannahrepps, sveitarstjórnar Innri-Akraneshrepps og sveitarstjórnar Kjalarneshrepps. Vegagerðin sendi einnig inn greinargerð frá Líffræðistofnun Háskólans.

Gögn lögð fram við frumathugun:

1. **Frummatsskýrsla.** Hvalfjörður, greinargerð um umhverfisáhrif. Vegagerðin júní 1994.
2. **Fornleifakönnun** vegna Hvalfjarðarganga, rannsókn 26. - 27. febrúar 1994. Guðmundur Ólafsson. Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands, 1994.
3. **Greinargerð** til skipulagsstjórnar um tillögu að aðalskipulagi jarðganga undir Hvalfjörð og tengivega að þeim. Vegagerðin, febrúar 1994.
4. **Svæðisskipulagsáætlun** fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar. Staðfest 26. apríl 1994.
5. **Umferðarspá.** Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð. Vegagerðin, september 1990.

2. UMSAGNIR

Byggðastofnun gerir engar athugasemdir við framkvæmdina og vísar til greinargerðar sem stofnunin vann fyrir Vegagerð ríkisins um almenn áhrif af framkvæmdinni sjálfri.

Hollustuvernd ríkisins telur skýrsluna ófullnægjandi miðað við umfang og eðli framkvæmdarinnar og að nánari grein þurfi meðal annars að gera fyrir:

- Loftmengun og hávaðamengun.

Náttúruverndarráð gerir athugasemd við eftirfarandi:

- Veglínu austan Akrafjalls, við Eiðisvatn, þar sem fyrirhugað er að fara yfir mýrlendi.
- Veglínu vestan fjallsins þar sem áform eru um að fara um Heynesmýri.

Óskar ráðið eftir því að athugað verði lífríki mýrar vestan Eiðisvatns og að könnuð verði sérstaklega öröskuð mýri í landi Heyness með tilliti til lífríkis svæðisins. Í báðum tilfellum þarf að athuga til hvaða mótvægisáðgerða sé rétt að grípa, til þess að vegarlagningin raski sem minnstu af mýrlendinu.

Innri-Akraneshreppur, hreppsnefnd vísar til samþykktta sinna um afgreiðslu svæðisskipulags, bréfs dagsetts 19. desember 1993, og samþykktar aðalskipulags samkvæmt bréfi dagsettu 24. maí 1994. Hreppsnefnd fer fram á að:

- Viðlegukantur Hólabrúar hf., sé settur inn á yfirlitsupprátt af veginum (aðalskipulagstillögu), sem auglýstur hefur verið samkvæmt skipulagslögum.
- Meta þurfi umhverfisáhrif vegarlagningar yfir Heynesmýri.

Í samþykktunum kemur einnig fram að kanna þurfi lífríki og fornminjar á svæðinu.

Kjalarneshreppur gerir eftirfarandi athugasemdir vegna vegtengingar við núverandi þjóðveg:

- Hreppsnefndin telur rétt að taka tillit til athugasemda sem borist hafa, við auglýstan yfirlitsupprátt (aðalskipulagstillögu), um að vegurinn verði lagður fjær býlinu Dalsmynni en gert er ráð fyrir á uppráttum Vegagerðarinnar.
- Hreppsnefndin óskar eftir því að gamli þjóðvegurinn, þar sem hann sker fyrirhugaðan veg að jarðgöngunum, verði notaður sem frárein fyrir umferð inn Hvalfjörð.

Skilmannahreppur gerir ekki athugasemdir við frummatsskýrslu Vegagerðarinnar.

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til að kærufrestur er liðinn.

3. ATHUGASEMDIR

Á kynningartímanum bárust athugasemdir frá fjórum aðilum:

Athugasemdir frá íbúum að Móum í Innri Akraneshreppi þar sem þeir vísa til fyrri athugasemda sinna við fyrirhugaða vegagerð. Telja þeir að af veginum stafi :

- Sjónmengun, ekki síst hjá Móum og séu mótvægisáðgerðir engar góðar.
- Loft- og hávaðamengun og ófyrirséð um mótvægisáðgerðir.

Einnig benda þeir á að:

- Rannsóknir á gróðri og dýralífi hafi ekki farið fram í Heynesmýri við Móa.

- Veðurfar við Móa hafi ekki verið kannað og vara þeir við hörðum vindsveipum úr Akrafjalli.
- Þar sem áformuð sé áframhaldandi umferð til og frá Akranesi um núverandi Innnesveg, þá verði að byggja hann upp. Sé þar komin lausn á vandanum við vegarstæði, því óskiljanlegt sé hvers vegna tvo vegi þurfi um þennan hrepp fyrir ein göng.

Athugasemd Hólabrúar hf., sem hefur þinglýstan rétt til námuvinnslu í landi jarðanna Kirkjuból og Innri-Hólms í Innri-Akraneshreppi. Þar er því lýst að námuvinnslan hafi ekki verið skoðuð nægilega vel, né tillit til hennar tekið við hönnun vegarins. Því muni fyrirhugaðir tengivegir hafa það í för með sér að námuvinnsla í námum Hólabrúar verði nær því útilokuð.

Athugasemdinni fylgdi álitserð verkfræðiþjónustu þar sem tillaga er gerð um:

- Breytta legu vegarins frá gangamunna
- Tilfærslu á gangamunnum.

Með þeim breytingum megi draga úr meintum áhrifum vegarins á mögulega efnisvinnslu.

Athugasemd frá Fuglaverndunarfélagi Íslands. Í athugasemdum sínum bendir félagið á að:

- Breytingar á veglínu, við Grunnafjörð, gætu orkað tvímælis, þar sem fjörðurinn sé á náttúruminjasrá og unnið sé að friðlýsingu hans vegna auðugs dýralífs.
- Vegur frá göngum vestur með Akrafjalli og norður fyrir Akranes muni liggja þvert yfir eitt af þeim fáu mýrasvæðum sem eftir eru sunnan Skarðsheiðar. Mýrunum sunnan og vestan Akrafjalls hefur verið raskað mikið með framræslu og ræktun. Líklegt er að nýjum vegi á þessum slóðum fylgi enn frekari framræsla. Því leggur félagið til að kannaðir verði til hlítar aðrir kostir í vegagerð suðvestan Akrafjalls og reynt verði að fylgja núverandi vegi eins og frekast sé kostur.
- Félaginu sé ókunnugt um að farið hafi fram könnun á lífríki mýrar við Heynes og að engar heimildir sé að finna um lífríki umrædds vegarstæðis undir Akrafjalli.

Ábúendur og eigendur Eystri- og Vestri-Reynis, Innri-Akraneshreppi:

- Hafna algerlega hugmyndum um að fara með veginn yfir endilöng tún á jörðum þeirra til þess að hlífa Heynesmýri, þar sem ræktað land jarðanna sé nú þegar of lítið.
- Telja mjög takmarkað fuglavarþ í Heynesmýrinni, hún sé mikið beitt, og því ekki ósnortið land.
- Benda á að nær sé að flytja íbúðarhúsið á Móum, en fórna mannvirkjum á jörðum þeirra, ef vernda eigi mýrina, og leggja þá veginn á mörkum jarðar þeirra og Heyness.

Allar athugasemdir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til að kærufrestur er liðinn.

4. GREINARGERÐ

Vegna takmarkaðra upplýsinga um ástand lífríkis mýra við Heynes og Eiðisvatn óskaði Vegagerðin eftir greinargerð frá Líffræðistofnun Háskólans um lífríki þeirra.

Líffræðistofnun lagði fram greinargerð í framhaldi af skoðunarferð þann 26. ágúst 1994, þar sem annars vegar er lýst Heynesmýri og hins vegar mýri vestan Eiðisvatns.

Hvað varðar Heynesmýrina kemur meðal annars fram að gróðurfar mýrarinnar beri það með sér að hún hefur verið ræst fram og vatnsstaða hefur lækkað. Í mýrinni voru bæði hross og sauðfé. Beitarálag er greinilega verulegt og traðk mikið, einkum í vatnsrásunum. Alls voru skráðar 46 tegundir háplantna og svæðið því nokkuð tegundaauðugt. Sjaldgæfar tegundir fundust ekki og yfirleitt ekki tegundir sem einkenna mjög blaut búsvæði. Að sögn Dagmarar Völu Hjörleifsdóttur hafa sést 29 tegundir fugla og hafa 23 tegundir sést á tjörnum eða í mýrinni. Flestir þessara fugla verpa í mýrinni og eru þeir jafnframt með algengari fuglum í votlendi á Íslandi.

Mýri vestan Eiðisvatns og austan Stóru-Fellsaxlar eru um 1 ferkílómetri. Skurðir liggja að mýrinni og virðist sem nýlega hafi verið grafið upp úr sumum þeirra. Yfirborð mýrarinnar var þurr þegar athugunin fór fram, en í henni var eitt blautt svæði, sem liggur neðan við fyrirhugað vegarstæði. Meiri breytileiki var í gróðurfari en í Heynesmýri. Mýrin var að heita má öll þýfð, þurrust efst en blautari um miðbikið. Hrossahópur var í mýrinni en hún var miklu minna bitin en Heynesmýrin. Traðks gætti lítið, nema þar sem blautast er um miðbikið. Mýrin ber þess einnig merki að vera að þorna upp.

Báðar mýrarnar bera þess merki að hafa þornað upp og bendir allt til þess að þessar mýrar megi flokka sem raskaðar. Ekki er hægt að álykta út frá tegundasamsetningu eða gróðurfari að mýrarnar hafi sérstakt vermdargildi.

5. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

Markmið framkvæmdarinnar sem tilkynnt var til frumathugunar er að vegtengja jarðgöng, sem leggja á undir Hvalfjörð um svokallaða Hnausaskersleið í utanverðum Hvalfirði.

Í svæðisskipulagi fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar sem staðfest var 26. apríl 1994 síðastliðinn, var sett það skilyrði um að metin skyldu umhverfisáhrif fyrirhugaðrar lagningar tengivega frá göngum undir Hvalfjörð, norðan, austan og sunnan Akrafjalls, áður en nákvæm staðsetning vegar þar væri ákveðin. Í landi Saurbæjar í Kjalarneshreppi átti eftir að meta þann hluta vegtengingar sem nær frá Vesturlandsvegi að gangamunna .

Vegtengingunum er af hálfu Vegagerðarinnar skipt í fjóra verkhluta sem fjallað er um hér á eftir.

1. Tenging jarðganga að sunnanverðu frá Vesturlandsvegi að gangamunna í landi Saurbæjar.

Samkvæmt frummatsskýrslu Vegagerðarinnar verður lagður nýr vegur frá núverandi Vesturlandsvegi ofan Dalsmynnis að gangamunna í landi Saurbæjar. Lengd vegarkaflans er um 1,5 km.

Kjalarneshreppur leggur til að vegurinn verði færður fjær bæjarhúsum í Dalsmynni, frá því sem gert er ráð fyrir í auglýstum yfirlitsuppdrætti (aðalskipulagstillögu), til þess að draga þar úr óþægindum og hugsanlegu fjárhagstjóni eiganda. Þá óskar hreppsnefnd eftir því að „gamli“ þjóðvegurinn,

þar sem hann sker fyrirhugaðan veg að jarðgöngunum, verði notaður sem frárein fyrir umferð inn Hvalfjörð.

Vegagerðin svarar athugasemdum Kjalarneshrepps (26. ágúst 1994), vegna vegarins hjá Dalsmynni. Þar er því lýst að skoðaðar hafi verið margar leiðir framhjá Dalsmynni en þær séu með krappari beygjum en núverandi tillaga og gefi ekki þá sjónlengd sem nauðsynleg sé talin, nema með miklum skeringum og jarðraski. Vegagerðin leggur hins vegar til að land neðan vegarins verði hækkað með efni úr jarðgöngunum og mynduð nokkurs konar hljóðmön.

Vegagerðin (26. ágúst 1994) leggst gegn tillögu um að nota „gamla“ veginn inn í Hvalfjörð sem einstefnuakrein, fyrir umferð inn í fjörðinn, af öryggisástæðum og slæmri reynslu af hliðstæðum stöðum.

Þjóðminjasafnið (1994) óskar eftir að gamall túngarður í landi Saurbæjar verði skoðaður nánar áður en framkvæmd hefst svo taka megi tillit til fornminja við endanlega hönnun vegarins ef þörf krefur.

Niðurstaða skipulagsstjóra er sú að kanna þurfi leiðir til að færa veginn sem fjarst Dalsmynni, án þess að beygur verði of krappar og sjónlengd of stutt.

Hafa þarf samráð við Þjóðminjasafn, áður en hönnun vegarins lýkur, svo sem Fornleifadeild Þjóðminjasafnsins hefur gert tillögu um, og taka tillit til niðurstaðna könnunar Þjóðminjasafnsins við endanlega hönnun vegarins.

2. Vegur frá gangamunna að norðan ásamt tollskýli við hringtorg í landi Kirkjubóls sem greinir umferð annars vegar til Akraness og hins vegar til norðurs.

Í frummatsskýrslu er þessum vegarkafla og starfsemi á svæðinu ekki lýst nákvæmlega og á kortum ekki gerð grein fyrir mannvirkjum eða námusvæði Hólalbrúar hf., sem hefur námurétt innan svæðisins. Í frummatsskýrslunni telur Vegagerðin fyrirhugaða vegaframkvæmd bæta möguleika til námuvinnslu.

Hólalbrú hf., telur framkvæmdir bæði spilla nýtanlegu efni og torvelda efnisvinnslu. Með athugasemdum Hólalbrúar fylgir álitserð verkfræðipjónustu þar sem tillaga er gerð um breytta legu vegarins frá gangamunna annars vegar og hins vegar tilfærslu á gangamunna, hvort tveggja til að draga úr meintum áhrifum vegarins á mögulega efnisvinnslu.

Í svari Vegagerðarinnar (24. ágúst 1994), kemur fram að Vegagerðinni hafi ekki verið kunnugt um neinar athugasemdir við áætlaða vegagerð, samkvæmt svæðisskipulagi, í landi Kirkjubóls fyrr en svæðisskipulagið hafi verið samþykkt. Vegagerðinni hafi borist teikning eftir Jón R. Sigmundsson sem er dagsett 8. febrúar 1991 og ber heitið „Skipulag grjót- og malarnáms í Innra-Holti og Hólalbrú í Innri-Akraneshreppi“. Þar er teiknaður inn á viðlegukantur, grjótnám og malarnám Hólalbrúar. Veglínu væntanlegra tengivega við Hvalfjarðagöng hefur Vegagerðin teiknað inn á þetta kort, (24. ágúst 1994), þar sem hringtorg og vegir hafa verið færð til frá fyrri tillögu. Telur Vegagerðin að breytingar á veglínu samkvæmt hugmynd Hólalbrúar muni hins vegar leiða til þess að vegurinn færi yfir mitt grjótnámið og færsla gangamunna kunni að lengja göngin um 100 til 300 m, sem myndi kosta að minnsta kosti 70 milljónir króna. Þetta sé því ekki raunhæfur kostur.

Niðurstaða skipulagsstjóra er að gera þurfi deiliskipulag af hringtorgi, tollskýli, bílastæði, fyrirhuguðu grjótnámi, viðlegukanti og athafnasvæði tengdu honum og það afgreitt samkvæmt grein 4.4.1. í skipulagsreglugerð frá 1985.

3. Vegur frá hringtorgi við Kirkjuból austur fyrir Akrafjall. Vegurinn tengist núverandi Vesturlandsvegi við Laxá, skammt norðan núverandi vegamóta Vesturlandsvegur og Akranesvegur.

Samkvæmt frummatsskýrslu Vegagerðar ríkisins liggur veglínan frá hringtorginu fyrst um gróið land að Hólabrú, sem er malarás. Síðan liggur veglínan ýmist um gróið land, núverandi veglínu, lítt gróna mela, grunn mýrarsund eða holt.

Hólabrú hf. gerir athugasemd við legu vegarins þar sem hann fer yfir jarðefni sem áform eru um að nýta.

Samkvæmt teikningu **Vegagerðarinnar** (24. ágúst 1994), fer veglínan yfir neðsta hluta malarnámunnar í Hólabrú og skerðir hana lítið. „Samkvæmt teikningunni þyrfti að færa til efnisvinnslu og lagersvæði og ætti það að vera auðvelt þar sem að eftir er að búa þau til“.

Náttúruverndarráð bendir á að upplýsingar vanti um lífríki í mýrum við Eiðisvatn.

Í greinargerð **Líffræðistofnunar Háskólans** kemur fram að mýrin við Eiðisvatn beri þess merki að hafa þornað upp. Hrossahópur hafi verið í mýrinni og hafi hún verið bitin en traðks hafi gætt lítið nema þar sem hún var blautust. Í niðurstöðu greinargerðarinnar segir: „Ekki er hægt að álykta út frá tegundasamsetningu eða gróðurfari að mýrarnar (Heynesmýri og mýrlendið vestan Eiðisvatns, innskot Skipulags ríkisins) hafi sérstakt verndargildi“.

Í svæðisskipulagi sem staðfest var 26. apríl 1994 fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar eru þessar mýrar ekki merktar sem náttúruverndarsvæði.

Niðurstaða skipulagsstjóra er að veg í mýrum vestan Eiðisvatns beri að byggja fljótandi svo röskun á lífríki verði sem minnst.

4. Vegur frá hringtorgi við Kirkjuból vestur með Akrafjalli. Vegurinn tengist núverandi Akranesvegi við Miðvogslæk.

Samkvæmt frummatsskýrslu Vegagerðarinnar liggur þessi hluti leiðarinnar yfir mýrar, tún og gróin holt, meðal annars Heynesmýrina.

Náttúruverndarráð, íbúar á Móum og Fuglaverndarfélagið benda á að frekari upplýsingar vantar um lífríki í Heynesmýri.

Í greinargerð **Líffræðistofnunar Háskólans** kemur fram að mýrin við Heynes beri það með sér að hún hafi verið ræst fram og vatnsstaða lækkuð. „Í mýrinni voru bæði hross og sauðfé. Beitarálag er greinilega verulegt og traðk mikið, einkum í vatnsrásum“. „Dagmar Vala Hjörleifsdóttir, líffræðingur og dýralæknir, hefur fylgst með fuglum frá Akrafjalli niður í fjöru, á svæði sem er um 2 km langt og 500 m breytt“. Af 29 tegundum sem hún hefur séð hafa 23 sést á tjörnum eða í mýrinni. „Flestir þessara fugla verpa í mýrinni og eru þeir jafnframt með algengustu fuglum í votlendi á Íslandi“.

Í niðurstöðum greinargerðarinnar segir: „Ekki er hægt að álykta út frá tegundasamsetningu eða gróðurfari að mýrarnar (Heynesmýri og mýrlendið vestan Eiðisvatns, innskot Skipulags ríkisins) hafi sérstakt verndargildi". Sjá ennfremur umfjöllun við 3. lið um mýri við Eiðisvatn.

Íbúar á Móum benda á að þar sé mjög vindasamt.

Í umsögn **Innri-Akranshrepps** (24. maí 1994) kemur fram að menn kannast ekki við að hjá Móum séu slík ofviðri sem íbúar hafi lýst.

Íbúar á Móum og Fuglaverndarfélag Íslands leggja til að núverandi Innnesvegur verði nýttur fyrir umferð frá jarðgöngunum.

Hreppsnefnd Innri-Akranshrepps bendir á í umfjöllun um athugasemdir við svæðisskipulag sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar (19. desember 1993), að margt mæli gegn því að núverandi vegur um hreppinn verði lagður undir aukna umferð sem jarðgöngunum fylgi. Sem dæmi er nefnt að hann liggja nálægt íbúðarhúsum á nokkrum stöðum, auki hættu á slysum skólabarna og auki hættu á slysum vegna rekstrar búfjár yfir veginn og við meðferð heyvinnuvéla þar sem jarðir eigi land beggja vegna vegarins. Hreppsnefnd hafi samþykkt að heppilegasta vegarstæðið væri að fara sem beinasta leið út með fjallinu.

Ekki hafa enn verið kannaðar hugsanlegar fornminjar við Öxnholt í landi Eystri-Reynis samkvæmt tillögu **Þjóðminjasafnsins** (1994).

Í umsögn **Hollustuverndar ríkisins**, um greinargerð Vegagerðarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, bendir stofnunin á að upplýsingar um vatnsból svo og tölulegar upplýsingar um loft- og hávaðamengun vanti.

Í svari **Vegagerðarinnar** (24. ágúst 1994) segir:

"Það er skoðun Vegagerðarinnar að líkur á hugsanlegri vatnsmengun, loftmengun eða hávaðamengun séu svo litlar við slíka umferð að ekki þurfi að gera sérstakar rannsóknir á þeim".

Niðurstaða skipulagsstjóra er að veg yfir Heynesmýri beri að byggja fljótandi svo röskun á lífríki verði sem minnst.

Þá telur skipulagsstjóri að Vegagerðin þurfi í samráði við Þjóðminjasafn Ísland, að kanna hvort hugsanlega sé um að ræða fornt mannvirki við Öxnholt í landi Eystri-Reynis. Ef svo reynist vera, ber Vegagerðinni að sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar í samráði við Þjóðminjasafnið.

6. ÚRSKURÐUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur yfirfarið gögn þau sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim. Fallist er á lagningu tengivega frá núverandi Vesturlandsvegi sunnan fjarðar við Dalsmynni, að jarðgöngum undir Hvalfjörð við Saurbæ, ásamt lagningu tengivegar frá jarðgangamunnum við Innri-Hólm vestur með Akrafjalli að núverandi Akranesvegi við Miðvogslæk og tengivegar frá hringtorgi til austurs með Akrafjalli að Vesturlandsvegi við Laxá í Leirársveit, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Kannað verði hvort hægt er að færa veg fjær býlinu Dalsmynni í Kjalarneshreppi, án þess að beygjur verði of krappar og sjónlengd of stutt. Verði þörf talin á er lagt til að hljóðmön sé komið fyrir sem mótvægisáðgerð, til að draga úr óþægindum af völdum nálægðar vegarins við býlið.
2. Vegagerðin hafi samráð við Þjóðminjasafn Íslands, áður en hönnun vegarins í landi Saurbæjar í Kjalarneshreppi lýkur, og taki tillit til niðurstaðna könnunar Þjóðminjasafnsins á gömlum túngarði sem þar er, við endanlega hönnun vegarins.
3. Unnið verði deiliskipulag af hringtorgi, tollskýli, bílastæði, fyrirhuguðu grjótnámi, viðlegukanti og athafnasvæði tengdu honum í landi Kirkjubóls í Innri-Akraneshreppi og það afgreitt samkvæmt grein 4.4.1. í skipulagsreglugerð frá 1985.
4. Vegur um mýrar vestan Eiðisvatns og um Heynesmýri verði byggður fljótandi svo að röskun á lífríki verði sem minnst.
5. Vegagerð ríkisins hafi samráð við Þjóðminjasafn Ísland um könnun á því hvort forn mannvirki sé að finna við Öxnholt í landi Eystra-Reynis í Innri-Akraneshreppi. Reynist svo vera, ber Vegagerðinni að taka tillit til niðurstaðna könnunarinnar og hanna veglínu í samræmi við hana.

7. SKIPULAG

1. Samkvæmt framlögðum gögnum er framkvæmdin í samræmi við svæðisskipulag fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar 1992-2012.
2. Auglýstur hefur verið yfirlitsuppdráttur (aðalskipulagstillaga), sbr. 17. og 18. gr. skipulagslaga sem sýnir fyrirhugað mannvirki í heild sinni og hefur hann verið afgreiddur til skipulagsstjóra ríkisins af hreppsnefndum Skilmannahrepps og Innri-Akraneshrepps. Kjalarneshreppur hefur hins vegar gert tillögu um breytingu á veltengingu að jarðgöngunum, frá því sem yfirlitsuppdrátturinn gerir ráð fyrir, og bíður eftir niðurstöðu í því máli.
3. Breyta þarf aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990-2010, samkv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga, þar sem fyrirhugaður vegur fer um landbúnaðarland samkvæmt því.
4. Deiliskipulag þarf að gera af mannvirkjum í landi Kirkjuból, þ.e. hringtorgi, tollskýli, bílastæði, fyrirhuguðu grjótnámi, viðlegukanti og athafnasvæði tengdu honum og afgreiða samkv. gr. 4.4.1. í skipulagsreglugerð frá 1985.

Framkvæmd getur ekki hafist fyrr en yfirlitsuppdráttur (aðalskipulag af veginum) hefur verið staðfestur, aðalskipulagi Kjalarnes, 1990-2010, breytt og deiliskipulag í landi Kirkjuból afgreitt.

8. LEYFI TIL FRAMKVÆMDAR.

Áður en framkvæmd getur hafist þurfa viðkomandi sveitarstjórnir að gefa út formlegt leyfi til framkvæmdar, þar sem tekið er fullt tillit til úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins.

9. KÆRUFRESTUR

Úrskurð þennan má kæra til umhverfisráðherra til og með 30. september 1994.

Reykjavík 30. ágúst 1994

Stefán Thors
Skipulagsstjóri ríkisins